



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 141/1683
komudagur 20.2.2013

	Dagsetning	Tilvísun
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis	18. febrúar 2013	12110103
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara		11.01
Austurstræti 8 - 10		SA/bb
101 Reykjavík		

Efni: Frumvarp til stjórnskipunarlaga, mál nr. 415.

Með bréfi dags. 7. desember sl. kom Ríkisendurskoðun á framfæri umsögn sinni um 74. gr. frumvarpsins sem fjallar um ríkisendurskoðanda. Við upphaf 2. umræðu voru lagðar fram breytingatillögur meiri hluta nefndarinnar ásamt greinargerð með þeim tillögum.

Í tillögum nefndarinnar um 74. gr. frumvarpsins er að engu getið og í engu tekið tillit til umsagnar Ríkisendurskoðunar. Af þessu tilefni vill Ríkisendurskoðun taka fram að hún gerir ekki athugasemd við það að horfið verði frá þeirri tillögu að fjalla um ríkisendurskoðanda í þessari grein og fjalla þess í stað um stofnunina, Ríkisendurskoðun. Hins vegar telur hún nauðsynlegt að áréttu aðrar tillögur, sem gerðar eru í tilvitnaðri umsögn.

Í fyrsta lagi telur hún nauðsynlegt að bæta inn orðinu „óháð“ í textann þannig að tryggt verði að stofnunin verði bæði sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Það er í samræmi við þá grundvallarskilgreiningu sem alþjóðasamtök ríkisendurskoðana, INTOSAI, mæla fyrir um í LIMA yfirlýsingunni að eigi að gilda um Ríkisendurskoðun hvers lands og að það endurspeglit í stjórnarskrá.

Í öðru lagi telur hún einnig nauðsynlegt að bæta inn orðin „eftirlit“ í textann þannig að stofnunin annist bæði **endurskoðun** og hafi **eftirlit** með fjárreiðum ríkisins.

Í þriðja lagi ítrekar stofnunin ábendingu um að flytja eigi 2. mgr. 74. greinar yfir í 68. grein sem fjallar um fjárlög. Það er að mati Ríkisendurskoðunar fullkomlega óeðlilegt að fjalla um framlagningu ríkisreiknings í grein sem fjallar um hlutverk Ríkisendurskoðunar. Ætla má að slík skipan gefi tilefni til misskilnings um hlutverkaskipan í stjórnkerfinu. Skyldan til þess að gera ríkisreikning og leggja hann fram hvílir á fjármálaráðherra. Ríkisreikningur lýsir raunverulegri niðurstöðu viðkomandi fjárlagaárs og því er eðlilegt að mæla fyrir um framlagningu hans í sömu grein og fjárlög. Að mati Ríkisendurskoðunar er það misskilningur hjá fjárlaganefnd að framlagning ríkisreiknings sé háð því að endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar liggja fyrir. Ríkisreikningur er staðfestur af fjármálaráðherra og fjársýslustjóra ekki seinna en í lok júní ár hvert og áritaður af ríkisendurskoðanda á sama tíma. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að leggja ríkisreikning fram samhliða fjárlagafrumvarpi.

Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Elínar Þorsteinsdóttur